

## Náttúrufræðistofnun umsögn

**Til** : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>  
**Frá** : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
**CC** : Eydis Lindal Finnbogadóttir - NI <Eydis.L.Finnbogadottir@ni.is>  
**Heiti** : Náttúrufræðistofnun umsögn  
**Málsnúmer** : 202205062  
**Málsaðili** : Rifós hf.  
**Skráð dags** : 03.11.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag,

Vísað er til tölvubréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, dags. 19. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.

Breytingin varðar einkum þrennt. Stækkun á byggingareit til að koma fyrir fleiri fiskeldiskerjum, lítils háttar aukning á byggingarmagni á reit F þar sem áætluð er bygging seiðastöðvar og skilgreining á nýjum byggingareit (H) fyrir starfsmannahús.

Áhrifin eru einkum sjónræn. Lítils háttar röskun verður á hrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. lögum nr. 60/2013 (61. grein) en staðsetning byggingarreita er þannig að ekki verður raskað sérstökum hraunmyndunum þ.e. rishólum og er það mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar.

Ferlaufungur, planta á valista Náttúrufræðistofnunar, hefur fundist á þessum slóðum og vex gjarnan í hraungjótum. Mögulegt er að tegundin finnist á framkvæmdasvæðinu.

Almennt ber að vanda allar framkvæmdir og forðast óþarfa rask.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir"  
**To:** "Móttaka - NI"  
**CC:**  
**Subject:** Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi  
**Date:** 19.9.2022 10:16:12

Góðan dag

**Efni: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi**

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 18. ágúst 2022 að kynna meðfylgjandi tillögu á deiliskipulagsbreytingu skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér tillögu að deiliskipulagsbreytingu til skoðunar.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti fyrir 3. nóvember 2022.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

*Fylgiskjöl*

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi dags. 5. ágúst 2022. Uppdráttur og greinargerð eru sett fram á einu A3 blaði.
2. Afrit auglýsingar um almenna kynningu breytingartillögunnar

Kveðja

**Sigurdís Sveinbjörnsdóttir**

**Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa**

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

[Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer](#)